

Héraðsnefndarfundur 12. maí 2020

Inngangur

Vetrarstarfið var tvískipt veturinn 2019 – 2020, þ.e. fyrir og eftir Covid.

Starfið hófst með hefðbundnum hætti haustið 2019 með æfingum, tónleikum og öðrum viðburðum sem sjá má hér á eftir. Nemendur voru skólanum og kennurum sínum til mikils sóma hvar sem þeir komu fram.



Frá 16. mars hafði samkomubann vegna Coronaveirunnar áhrif á starfsemina, en einkatímar og tónfræðikennsla hélt áfram í fjarkennslu þar til létt var á samkomubanni 4. maí 2020.

Kennarar sýndu mikinn dugnað, æðruleysi og þrautseigju við þessar sérstöku aðstæður. Þeir aðlöguðu sig í snatri að nýjum kennsluháttum í fjarkennslu, settu saman nýjar stundaskrár og héldu þannig samfellu í námi nemenda sinna. Nemendur og foreldrar lögðust svo líka á áramnar og aðdáunarvert hvað kennslan hefur gengið vel þrátt fyrir allt.

Tónleikahald

Tónleikahald var mjög líflegt fram að samkomubanni 16. mars. Hér á eftir eru taldir upp helstu viðburðir, en uppskera vetrarins var sérlega glæsileg og metnaðarfull fram í mars.

Elísabet Anna Dudziak og Katrín Birna Sigurðardóttir léku **með Ungsveit SÍ** í Eldborgarsal Hörpu, 22. sept.

Á **Súputónleikum** í barnaskólanum á Stokkseyri 13. okt. komu fram nemendur frá Eyrarbakka og Stokkseyri.

Deildartónleikar (7 talsins) voru haldnir 31. okt. – 11. nóv. Fram komu allar hljómsveitir, samspilshópar og kórar skólans, auk smærri samspilsatriða og einleikara. Um helmingur nemenda skólans tók þátt í deildartónleikunum.

Píanóhringekjutónleikar með nemendum Tónskóla Sigursveins voru haldnir 16. nóvember. Sjá nánar um samstarf skóla hér á eftir.

Eldri bláساسveitir skólans tók þátt í **Lúðrasveitamaraþoni í Hörpu** 17. nóvember ásamt hljómsveitum af öllu landinu.

Hausttónleikar allra kennara voru í lok nóvember.

Eyrún Huld Ingvarsdóttir lék einleik með **með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** 30. nóvember í Seltjarnarneskirkju.

Eldri blokkflautusveit lék í Eldborgarsal Hörpu, **með Sinfóníuhljómsveit Íslands** á þrennum jólatónleikum sveitarinnar 14. og 15. desember.

Kertatónleikar strengjasveitar voru haldnir í Listasafni Árnesinga í Hveragerði 18. desember. Hildur Tanja Karlsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Óttar Pétursson léku með **Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna** í Langholtskirkju 25. janúar.

Haldnir voru sjö **svæðistónleikar** á **Degi tónlistarskólanna** 8. febrúar. Um helmingur nemenda skólans tók þátt í tónleikum dagsins.

Strengjakvartett skólans, þær Arndís Hildur Tyrfingsdóttir, Elísabet Anna Dudziak, Ingibjörg Ólafsdóttir og Katrín Birna Sigurðardóttir, lék ásamt gestum á Listasafni Árnesinga í Hveragerði 15. febrúar. Voru þetta undirbúningstónleikar fyrir afmælistónleika Nótunnar í Hörpu, í mars.

Aðrir viðburðir og verkefni

Verkefni nemenda og kennara tónlistarskólans eru mjög fjölbreytt. Auk hefðbundinna tónleika og heimsókna eru nemendur og kennarar sýnilegir víða í samfélaginu og leggja jafnvel land undir fót til að taka þátt í verkefnum héraðs og erlendis.

Upprifjunardagur Suzuki-píanónemenda fór fram á Selfossi 13. október.

Tveir blokkflautunemendur tóku þátt í **Orda blokkflautukeppni** í Amsterdam 24. – 27. október.

Heimsóknir á hjúkrunarheimilin Fossheima og Ljósheima er einn af reglulegum þáttum í starfsemi tónlistarskólans. Deildir skólans skiptast á mánaðarlegum heimsóknum allan veturinn.

Hljóðfærakynningar í grunnskólum fóru fram með hefðbundnu skipulagi frá hausti og fram að samkomubanni 16. mars. Málmblásarakynning féll niður í tveimur skólum vegna Covid og lokatímar féllu niður utan Selfoss. Nemendur þeirra skóla sem misstu af lokatíma, fengu sent upplýsinga- og yfirlitsblað í pósti.

Jólaball Suzuki-deildar var haldið í Sunnulækjarskóla í desember.

Jólaspilamennska í desember – farið um samfélagið og leikið á leikskólum, grunnskólum, hjúkrunarheimilum, stofnunum, fyrirtækjum o.s.frv.

Nokkrir nemendur léku á **upplestrarkeppnum grunnskólanna** í byrjun mars.

Samstarf tónlistarskóla

Píanódeild TÁ hefur verið í sambandi við píanódeild Tónskóla Sigursveins frá sl. vetri, vegna innleiðingar á samspili píanónemenda. Þessu samstarfi var framhaldið í haust og í nóvember heimsóttu píanónemendur Tónskóla Sigursveins píanónemendur Tónlistarskóla Árnesinga. Héldu hóparnir sameiginlegan æfingadag og hringekjutónleika. Mjög skemmtileg samvera og fjölmennir tónleikar í litla tónleikasalnum okkar við Eyravegin.

Námskeið kennara

Píanókennarar sóttu námskeið um byrjendakennslu 8. og 22. nóvember. Fyrirlesari var Kristinn Örn Kristinsson, en hann hefur mikla reynslu af píanókennslu og kennaraþjálfun Suzuki-píanókennara.

Kennarar voru afskaplega ánægðir með námskeiðið og um leið þennan vettvang til umræðu um kennsluhætti.

Suzuki-kennarar sækja flestir Suzukikennaranám, samhliða kennslu.

Áhrif Covid-19

Covid-19 hafði mikil áhrif á starfsemi tónlistarskólans. Einkatímar og tónfræðitímar héldu áfram í fjarkennslu og undirleikur var leystur með því að senda upptökur af undirleik til nemenda. Hljómsveitastarf og samspilstímar felldir niður.

Tónleikar falla niður eða frestast. Þar má nefna mið- og framhaldsdeildartónleika skólans og afmælistónleika Nótunnar í Hörpu sem vera áttu í mars, afmælis-vínarbrauðstónleika strengjadeildar sem vera áttu í maí, alla vortónleika og skólaslit. Skólaslitavikan verður nýtt til að ljúka þeim prófum sem útaf stóðu í mars.

Píanónemandinn Margrét Guangbing Hu, lýkur framhaldsprófi í píanóleik í vor, en fyrirhuguðum framhaldsprófstónleikum verður frestað fram í júní, með von um að bjóða megi einhverjum áheyrendum á tónleikana.

Fyrirhuguð heimsókn blokkflautusveitar frá Berlín í apríl frestaðist. Það sama á við um fyrirhugaða ferð yngri bláساسveita á lúðrasveitamót í Reykjanesbæ í apríl og vorferð eldri bláساسveita tónlistarskólans (Selfoss + Þorlákshöfn) til Feneyja í maí.

Nánari upplýsingar um áhrif Covid-19 á starfsemina er að finna í *minnisblaði um áhrif Covid-19 á starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga vorið 2020*, sem sent var stjórn Tónlistarskóla Árnesinga og sveitarfélögum í maí.

Starfsmannamál

Kennarahópurinn er mjög stöðugur og lítil hreyfing á fólki. Kolbrún Berglind Grétarsdóttir píanókennari kemur til baka úr árs leyfi. Tveir kennarar láta af störfum í haust, þær Suncana Slamnig píanókennari og Ingibjörg Birgisdóttir blokkflautukennari. Við þökkum Suncönu, Ingibjörgu og Degi Bergssyni sem leysti Kolbrúnu af, innilega fyrir frábært starf á liðnu ári og árum.

- Ráðningar nýrra kennara eru í ferli.

Rekstur skólans - Kjarasamningar

Rekstur skólans er í góðu jafnvægi og stóðst áætlun um kennsluskostnað sveitarfélaga og skólagjöld fyrir árið 2019.

Kjarasamningar tónlistarskólakennara við samninganefnd sveitarfélaga runnu út 30. júní 2019. Það er von okkar að samið verði sem allra fyrst. Um leið og kjarasamningar verða undirritaðir þarf að endurskoða fjárhagsáætlun Tónlistarskólans fyrir árið 2020.

11. maí 2020
Helga Sighvatsdóttir
skólastjóri

Selfossi 4. maí 2020

Til stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga

Minnisblað um áhrif Covid-19 á starfsemi Tónlistarskóla Árneseinga vorið 2020

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um hvernig skólalaldi Tónlistarskóla Árneseinga hefur verið háttað frá því Covid 19 veiran kom upp og hvað bíður okkar í maí.

Öryggisteymi var stofnað innan skólans 15. mars, skipað skólastjóra, aðstoðarskólstjóra, trúnaðarmanni og öryggistrúnaðarmanni. Hlutverk öryggisteymis var að taka stöðuna hverju sinni og ræða áhrif Covid 19 á starfsfólk og starfsemi skólans. Fyrstu vikuna voru daglegir fundir/fjarfundir. Þegar komst á nýtt jafnvægi fækkaði fundum smátt og smátt niður í einu sinni í viku. Síðasti boðaði fundurinn var 30. apríl, en ef þurfa þykir verður aftur skotið á fundi.

Deildarstjórar. 14. apríl var líka haldinn deildarstjórafundur og lagðar línur um hugsanleg skólalok.

Mars – apríl 2020

16. mars

– Öll kennsla var felld niður daginn sem samkomubann var sett á og starfið skipulagt. Sendum póst á alla grunnskóla í Árneseyslu til að kanna hvort tónlistarskólinn gæti kennt áfram í kennslustofum innan grunnskólanna. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að víðast hvar væri ekki grundvöllur fyrir kennslu í grunnskólunum, eða mjög takmarkaðir möguleikar. Nánar um það hér fyrir neðan í upplýsingum um dagana sem í hönd fóru.

17. mars.

- Fjarkennsla hófst í stórum hluta skólans, þ.e. í Kerhólsskóla, Bláskógaskóla á Laugarvatni og í Reykholti, Flúðaskóla, Þjórásarskóla, Flóaskóla, Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
- Staðkennsla hélt áfram á Selfossi (við Eyraveg, í Vallaskóla og Sunnulækjarskóla), í Hveragerði og Þorlákshöfn.
- Nokkrir kennarar færðu sig alfarið í fjarkennslu frá fyrsta degi (af heilsufarsástæðum).
- Allir hóptímar felldir niður (tónfræði, samspil, hljómsveitir).

23. mars færðist einkakennsla í Vallaskóla og Sunnulækjarskóla líka í fjarkennslu.

23. – 25. mars voru prófadagar (engin kennsla). - Okkur tókst að ljúka um 70 prófum þrátt fyrir allt, en fjöldi prófa var frestað.

26. – 27. mars. Einkatímar í Hveragerði og Þorlákshöfn færðir í fjarkennslu (og þar með öllum grunnskólum sýslunnar), en kenndum áfram einhverja einkatíma í húsnaði skólans við Eyraveg á Selfossi.

- Tónfræði kennd í fjarkennslu.

Frá 30. mars – 30. apríl fer öll einkakennsla og tónfræðikennsla fram í fjarkennslu.

- Meðleikur er leystur með því að senda nemendum hljóðupptökur af undirleik.
- Allar samspils- og hljómsveitaæfingar hafa fallið niður frá 17. mars.

- - -

Frá 4. maí

- Einkatímar, undirleikstímar og tónfræðitímar – kennsla hefst á ný á öllum kennslustöðum samkvæmt stundaskrá. **ATH.** Nemendur, foreldrar og kennarar hafa áfram val um fjarkennslu.
- Hljómsveitaæfingar og samspiltímar falla niður.

Umgengnisreglur verða áfram samkvæmt fyrri tilmælum og ekki slakað á þeim.

- Vandaður handþvottur
- Sprittun milli nemenda á snertiflötum s.s. hljómborðum, námsborðum, öðrum hljóðfærum o.fl.
- 2 metrar milli manna (fullorðinna – eldri en 16 ára)
- Fjöldamörk: Ekki fleiri en 50 á sama stað
- * Nemendur, foreldrar og kennarar sem finna fyrir minnsta vott um veikindi eru beðnir um að halda sig heima. - Fjarkennsla kemur í staðinn ef heilsa leyfir.

Skólalok verða með öðrum hætti en skóladagatal segir til um:

- Síðasti kennsludagur er 18. maí skv. skóladagatali (óbreytt).
- Miðað er við að tónfræðipróf verði tekin um miðjan mánuð.
- Engir tónleikar verða haldnir í maí (hvorki vortónleikar né skólaslit).
- Skólaslitavikan (19. – 26. maí) verður lögð undir þau hjóðfæra- og söngpróf sem fresta þurfti í mars og Suzuki-útskriftir.
- Nemendur sem taka próf, fá vitnisburðarblöð og prófskirteini send í pósti.
- Allir fá skriflegt vortat og verður það aðgengilegt í Foreldragátt nemendaskrár í lok maí.

Fjarkennslan

Kennarar tónlistarskólans hafa sýnt mikinn dugnað, æðruleysi og þrautseigju við fjarkennsluna. Þeir hafa skoðað og reynt ýmsa möguleika og kennt t.d. í gegnum Messenger, Skype, Zoom, Whereby, Google Hangout, Teams, Weebly eða Facetime. Til viðbótar hafa kennarar lagt inn verkefni, skannað, sent nótur og kennslumyndbönd og fengið upptökur frá nemendum. Undirleiksnemendur hafa fengið upptökur af undirleik þeirra verka sem þeir æfa. Kennsla yngstu nemendanna hefur farið fram með aðstoð foreldra.

Kennarar hafa verið duglegir að miðla sín á milli reynslu af fjarkennsluforritum og góðum ráðum varðandi hljóðgæði, tækni, nethraða o.fl. Búnaður sem kennarar og nemendur hafa til umræða er mjög misjafn, en flestir hafa notað síma, spjaldtölvur eða fartölvur til kennslunnar. Hljóðgæði eru misjöfn eftir búnaði og netsambandi. Það krefst mikillar einbeitingar að kenna í gegnum fjarfundabúnað og talsvert álag að aðlagast nýjum kennsluháttum. Það reynir líka á mannskapinn að vera svona einangraðir í starfi og aðeins misjafnt hvernig kennurum gekk að fóta sig í upphafi. Kennslan hefur þrátt fyrir allt gengið vel og aðlögun kennara aðdáunarverð.

Reynsla síðustu vikna sýnir okkur að fjarkennsla kemur ekki í stað hefðbundinna kennslustunda. Inn á milli eru nemendur sem ekki hefur náðst almennilega samband við (námslega eða tæknilega). Flestir

nemendanna hafa þó sýnt nokkuð góðar framfarir og nokkrir meira að segja sýnt meiri framfarir en áður, þar sem þeir hafa haft meiri tíma og meiri stuðning heima en venjulega.

Sú reynsla sem við höfum farið í gegnum á síðustu vikum, færir okkur án efa eitthvað gott. Allir hafa fengið þjálfun í notkun fjarfundabúnaðar til kennslu og fundahalda. Sú þekking nýtist skólanum til framtíðar og mögulega til fjölbreyttari kennsluhátta.

Fjárhagur

Fjárhagsleg áhrif Corona veirunnar eru hverfandi fyrir rekstur tónlistarskólans. Enginn hefur farið fram á endurgreiðslu skólagjalda, enda lang flestir nemendur fengið kennslu. Aksturskostnaður er lægri, enda hafa kennarar ekki þurft að keyra á milli kennslustaða, hvorki vegna kennslu eða tónleika. Launakostnaður er sá sami, nema yfirvinna vegna tónleika lækkar ögn þessa síðustu mánuði vetrarins, þar sem tónleikahald fellur alfarið niður.

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri